

Ár 2010, mánudaginn 15. mars, kom landskjörstjórn saman til að fjalla um niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 1/2010. Á fundinum var kveðinn upp svohljóðandi

#### ÚRSKURÐUR:

Meðal gagna, sem bárust 8. mars 2010 frá yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar sem suður eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna um gildi laga nr. 1/2010, voru fimm kjörseðlar sem yfirkjörstjórnin mat sem gild atkvæði en umboðsmaður já-fylkingar taldi að meta ætti ógild. Kjörseðlarnir voru sendir landskjörstjórn til úrskurðar í lokuðu umslagi í samræmi við 3. mgr. 103. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, og 9.—10. gr. laga nr. 4/2010, um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Umboðsmaður já-fylkingar, Inga Björg Hjaltadóttir hdl., krefst þess að öll fimm atkvæðin verði úrskurðuð ógild. Umboðsmaður nei-fylkingar, Hulda Rós Rúriksdóttir hrl., tók undir athugasemdir Ingu Bjargar.

Á öllum kjörseðlunum eru skýr merki í reitnum fyrir framan svarið „Nei, þau eiga að falla úr gildi.“ Því er greinilegt að kjósendurnir vildu að atkvæðin féllu þannig að synja bæri lögnum samþykkis. En til viðbótar hafa kjósendurnir sett tákn eða merki á kjörseðlana þeim megin þar sem greiða átti atkvæði. Þessi merki eru eftirfarandi:

- 1) eitt upphrópunarmerki, eða hringur fyrir neðan lóðrétt strik;
- 2) brosandir andlit, þar sem augun eru dregin með tveimur hringjum með minni hringjum inni í og bogadreginni línu fyrir munn;
- 3) tvö upphrópunarmerki, en þar eru tveir þríhyrningar teiknaðir beint fyrir ofan jafn marga hringi;
- 4) broskall og hjarta;
- 5) reðurtákn.

Í 2. másl. 9. gr. laga nr. 4/2010 segir að talning atkvæða skuli fara fram á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis svo og um það „hvort kjörseðill telst gildur eða ekki“. Í lokamálslið greinarinnar segir síðan orðrétt: „Ekki skal meta atkvæði ógilt nema óljóst sé hvernig kjósandi hefur greitt atkvæði.“

Í c-lið 100. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, kemur fram að atkvæði skuli meta ógilt „ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það sem fyrir er mælt eða annarleg merki sem ætla má að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan“. Í 101. gr. sömu laga er skýringarregla sem fylgja ber í vafatilvikum við mat á gildi atkvæða. Þar segir að atkvæði skuli ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er hvernig það á að falla nema augljóslega komi í bága við einn eða fleiri stafliði 100. gr. Þannig skuli taka atkvæði gilt þó

að ekki sé merkt í ferning við listabókstafinn en t.d. utan hans, þó að kross sé ólögulegur, þó að orðið listi fylgi listabókstaf að óþörfu á utankjörfundarseðli, þó að heiti stjórnmalasamtaka standi í stað listabókstafs o.s.frv.

Í athugasemdum við frumvarpið, sem varð að lögum nr. 4/2010, eða nefndaráliti allsherjarnefndar um frumvarpið er ekki vikið að því hvernig eigi að skýra lokamálslið 9. gr. í ljósi c-liðar 100. gr. laga um kosningar til Alþingis. Við skýringu á málsliðnum verður að taka mið af því að 26. gr. stjórnarskrárinnar áskilur að atkvæðagreiðsla samkvæmt greininni skuli vera leynileg og að í 2. másl. 9. gr. laganna er við það miðað að farið skuli eftir lögum um kosningar til Alþingis við mat á gildi kjörseðla. Þrátt fyrir orðalag lokamálsliðarins verður því að líta svo á að atkvæði skuli vera ógilt, þó að ekki sé óljóst hvernig kjósandi hefur greitt atkvæði, ef á kjörseðlinum eru annarleg merki sem ætla má að sett hafi verið af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan þannig að augljóslega fari í bága við c-lið 100. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Ekki er unnt að varpa ljósi á hvað hafi vakað fyrir kjósendunum með því að setja merkin á kjörseðlana nema út frá því hvernig þau koma mönnum fyrir sjónir. Öll þau merki sem um ræðir eru skýrlega dregin og ljóslega sett á kjörseðlana af ásetningi kjóсандans en ekki fyrir mistök. Þau gera kjörseðlana auðkennilega fyrir þá sem vita hvaða merki hafa verið sett á þau. Með leynilegum kosningum er reynt að tryggja að kjósendur greiði ávallt atkvæði í samræmi við sína eigin sannfæringu en ekki fyrir þrýsting nákominna eða frá þeim sem kjóсандinn kann að vera háður. Talning atkvæða fór fram fyrir opnum tjöldum í samræmi við fyrirmæli laga. Þegar á þetta er litið telur landskjörstjórn að öll fimm atkvæðin fari augljóslega í bága við c-lið 100. gr. laga um kosningar til Alþingis. Því beri að meta þau ógild.

#### Úrskurðarorð:

Fimm atkvæði, sem á eru nánar tilgreind merki, og metin voru gild af yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar suður við talningu atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 1/2010, eru ógild.

Ástráður Haraldsson,

Hervör Þorvaldsdóttir,

Sigurjón Unnar Sveinsson,

Þórður Bogason,

Þuríður Jónsdóttir.

